

AUGLÝSING

um umferð í Bolungarvík.

Samkvæmt ályktun hreppsnefndar Hólshrepps, N-Ísafjarðarsýslu og með tilvisun til 65. gr. 1. nr. 26/1958, hefur eftirfarandi verið ákveðið.

Frá og með 26. maí 1968 skulu eftirfarandi götur teljast aðalbrautir:

1. Þuriðarbraut.
2. Aðalstræti.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Bolungarvík, 2. maí 1968.

Hafsteinn Hafsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Skólasjóð Menntaskólans á Akureyri, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 2. maí 1968.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólasjóð Menntaskólans á Akureyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Skólasjóður Menntaskólans á Akureyri, og skal honum varið skólanum til eflingar.

2. gr.

Nemendur skólans skulu greiða árlegt gjald í sjóðinn eftir því sem kennarafundur ákveður hverju sinni. Gjald þetta innheimtist með öðrum skólagjöldum fyrsta vetrardag ár hvert.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í tryggri lánastofnun, vel tryggðum verðbréfum eða á annan öruggan hátt.

4. gr.

Skólameistari er sjóðvörður og annast innheimtu og reikningshald, hann ákveður og einstakar fjárveitingar úr sjóðnum. Reikningar sjóðsins verði endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun eins og aðrir reikningar skólans.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Kennarafundur úrskurðar árlega samkvæmt tillögum skólameistara, hve miklum hluta af árstekjum sjóðsins skuli á ári hverju vera heimilt að verja samkvæmt tilgangi hans. Tekjuafgangur hvers árs leggst við höfuðstólinn.

6. gr.

Tekjum sjóðsins skal varið til að fegra og prýða húsakynni skólans, til verðlauna handa nemendum, til að standa straum af gestamóttöku (fyrirlesara og heiðursboðsgesta), svo og til hvers, er gera má skólavistina fjölbreytilegri og meira aðlaðandi fyrir nemendur, og til þess að skólinn fái sem bezt rækt menningarhlutverk sitt.

7. gr.

Með þessari skipulagsskrá er Skipulagsskrá fyrir Skólasjóð Gagnfræðaskólans á Akureyri, staðfest 14. maí 1910, úr gildi numin.

2. maí 1968.

Nr. 129.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá um Minningarsjóð Kjartans B. Kjartanssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum, af dómsmálaráðherra, 2. maí 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um Minningarsjóð Kjartans B. Kjartanssonar.

Kjartan Birgir Kjartansson, f. 15. 1. 1932, d. 3. 5. 1966, var aðstoðarlæknir við Kleppsspítalann, er hann lézt, og ætlaði hann sér að ljúka sérnámi í geðlækningum. Foreldrar hans, Jóna Ingvarsdóttir og Kjartan J. Jóhannsson héraðslæknir, gengust fyrir stofnun þessa minningarsjóðs um áramótin 1966—1967, og var tilkynnt um sjóðsstofnunina á aðalfundi Geðverndarfélags Íslands hinn 25. apríl 1967.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kjartans B. Kjartanssonar. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er krónur 25 000.00 — tuttugu og fimm þúsund 00/100 krónur —.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki til þeirra, sem leggja í framhaldsnám vegna geðverndarstarfa eða meðferðar geðsjúkra, svo sem lækna, hjúkr-unarkvenna, félagsráðgjafa, sálfræðinga og sjúkravinnukennara.

Sjóðsstjórn er heimilt að færa út og breyta starfssviði sjóðsins, ef ástæða þykir til.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Kjartan J. Jóhannsson héraðslæknir, sem er formaður, meðan hann lifir, prófessorinn í geðlækningum við Háskóla Íslands, og einn maður, er stjórn Geðverndarfélags Íslands velur. Er Kjartan Jóhannsson fellur frá, skal landlæknir skipa formann sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórn skal annast úthlutun úr sjóðnum. Hún heldur gerðabók um sjóðinn, reikninga hans og annað, er varðar hag hans og starf.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal birta endurskoðaða reikninga sjóðsins í tímariti Geðverndarfélagsins. Endurskoðendur Geðverndarfélagsins endurskoða reikninga sjóðsins.